



Gengi	Gengismunur	Umsýsluþóknun	Kaupþóknun	Stærð
115,91	0%	1,0%	0,5%	760 milljónir

GAMMA: Total Return Fund

GAMMA: Total Return Fund er fjárfestingarsjóður, skv. lögum 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, sem fjárfestir að meginhluta í skráðum skuldabréfum, skráðum hlutabréfum og innlánum, hvort sem er með beinni fjárfestingu eða í gegnum aðra sjóði. Sjóðurinn hefur einnig heimild til að fjárfesta að hluta til í óskráðum verðbréfum sem og afleiðum.

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að viðhalda og auka að raunvirði verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu. Helstu fjárfestingarákvarðanir sjóðsins eru ákvarðaðar af fjárfestingarteymi GAMMA. Víðtæk sérfræðikunnátta starfsmanna GAMMA á íslenskum og erlendum fjármálamörkuðum á sviði skuldabréfa og hlutabréfa verður nýtt til að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Áhætta

Ýmis áhætta felst í fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eru þeir að jafnaði áhættumeiri en verðbréfasjóðir og getur gengi þeirra breyst töluvert. Ber helst að geta markaðs-, vaxta-, lausafjár- og mótaðila-áhættu. Fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja eru eðli málsins samkvæmt áhættusamari en fjárfestingar í ríkistrygðum eignum. Sjóðurinn hefur víðtækar heimildir til að nýta afleiður, en ítarlega er um þær fjallað og áhættu sem þeim tengist í útboðslýsingu sjóðsins. Dregið er úr lausafjárahættu með því að geyma hluta eignasafnsins í reiðufé eða auðseljanlegum eignum. Meðallíftími sjóðsins í skuldabréfum getur verið þónokkur sem myndar töluverða vaxtaáhættu.

Nánari upplýsingar um áhættu sjóða ásamt útboðslýsingu, útdrætti og reglum má nálgast á heimasíðu GAMMA, www.gamma.is.

Fjárfestingarviðmið

Skuldabréf og víxlar m. ríkisábyrgð:	20-80%	Skráð hlutabréf:	0-50%
Skráð skuldabréf og víxlar:	10-50%	Óskráð hlutabréf:	0-15%
Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir:	25-75%	Erlend skráð verðbréf:	0-25%
Fagfjárfestastjóðir:	0-20%	Óskráð skuldabréf:	0-15%
Afleiður:	0-60%		

Sýn sjóðsstjóra

Ávöxtun GAMMA: TRF var 0,2% í apríl að nafnvirði og hefur nú hækkað um 10% það sem af er ári. Sjóðurinn hefur nú verið starfræktur í 1 ár og er ávöxtun hans á tímabilinu 15,9% eða 12,1% að raunvirði. Á sama tíma hefur hlutabréfavisitala Kauphallar OMX6 hækkað um 9,4% og Skuldabréfavisitalan GAMMA: GBI um 5,4% að nafnvirði.

Verðbólgan í apríl var lívið hærrí en væntingar gerðu ráð fyrir eða um 0,2% sem gerir 3,3% ársverðbólgu. Styrking krónunnar skilaði sér inn til lækkunar eins og vænst var en á móti vóg hækkan á fasteignaverði, sérstaklega á landsbyggðinni. Sjóðurinn hefur minnkað verðtryggingarhlutfall sitt enn frekar og er það nú komið í 15% en líftími skuldabréfaeignar er enn um 1,2 ár.

Hlutabréfamarkaðurinn tók við sér í apríl og veltan jókst umtalsvert. Útboðum á VÍS og TM er lokið og tókust þau mjög vel með mikilli umfræftirspurn. Viðskipti hófust með VÍS í Kauphöllinni þann 24. apríl og hefur hækkað um 25% frá útboðsgengi (A og B hluta útboðs), en viðskipti með TM hefjast 8. maí. Sjóðurinn tók þátt í báðum útboðum og jók einnig hlutfall sitt í öðrum hlutabréfum í mánuðinum, helst í Högum og Icelandair.

Kosningarnar fóru eins og við var að búast en enn er gríðarleg óvissa í hagkerfinu hvernig ný stjórn muni takast á við "skuldaleiðréttingu" heimilanna, afnáam gjaldeyrishafta og stöðu Íbúðalánasjóðs. Það er því mikil þörf á því að vera á varðbergi og fylgjast grannt með framvindu mála.

Um GAMMA og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA var stofnað í júní 2008 og er með um 27 milljarða króna í stýringu fyrir lífeyrissjóði, tryggingafélög, fyrirtæki og einstaklinga. GAMMA er einnig umboðsaðili fyrir PIMCO á Íslandi sem er eitt stærsta eignastýringarfyrirtæki heims.


Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur. Áður starfaði hann hjá ABN AMRO í London við verðbólgutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Valdimar sinnir einnig stundakennslu í MSc. Fjármálahagfræði við Háskóla Íslands sem aðjúnkt.

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAM Management hf. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestastjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflóks gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.**

Helstu upplýsingar

Rekstrarform:	Fjárfestingarsjóður
Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Sölugímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglega í lok dags (T+3)
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskr.
Viðmið árangurs:	Depo vextir Seðlabankans
Árangursþóknun:	10% umfram viðmið
Rekstraraðili:	GAM Management hf.


Eignasamsetning



10 stærstu eignir

1. EQ1 - 11%
2. REGINN - 10%
3. EQUITY - 10%
4. LIQUIDITY - 10%
5. EIM - 8%
6. RIKB19 - 8%
7. HAGA - 7%
8. RIKH18 - 7%
9. CENTRUM - 7%
10. RVK 19 1 - 6%

Gengisþróun



	6 mán	1Y	stofnun*
nafnávöxtun	14,0%	15,9%	15,9%
raunávöxtun	11,0%	12,2%	12,2%

Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun

*Stofnaður 2. maí 2012

Fjárfestingarteymi

Valdimar Ármann s: 519 3304 valdimar@gamma.is	Lýður Þór Þorgeirsson s: 519 3305 lydur@gamma.is
Agnar T. Möller s: 519 3302 agnar@gamma.is	Gísli Hauksson s: 519 3301 gisli@gamma.is
Guðmundur Björnsson s: 519 3303 mummi@gamma.is	Sigurður Kr. Sigurðsson s: 519 3310 sigurdurkr@gamma.is